

AUGLÝSING

um samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Hinn 5. apríl 2001 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samkomulags milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð frá 6. febrúar 1931, sem gert var í Ósló 25. febrúar 2000, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 39, þar sem samningurinn er birtur, og nr. 40, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1969, 26/1973 og 3/1974. Alþingi hafði með lögum nr. 178 frá 20. desember 2000 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samkomulagið fyrir Íslands hönd. Tilkynnt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á 8. gr. samningsins milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Í 1. mgr. falli brott orðið „framfærsluskyldu“. Í 1. málsl. 2. mgr. falli brott orðin „framfærsluskyldu og“ og 3. málsl. falli brott.

II.

Varðandi beitingu samkomulagsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið, að undangengnum samningaviðræðum við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður krefjast.

III.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

- a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, eða
- b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölin skulu varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjalanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

IV.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur öðrum samningsríkjum í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar með fullgilt umboð undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Ósló hinn 25. febrúar 2000 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.